

Dómsorð:

Stefndu, eigendur v/b Hannesar Hafsteins, E.A. 475, greiði stefnanda, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, kr. 13.878.10 með 6% ársvöxtum frá 16. nóv. 1947 til greiðsludags og kr. 1300.00 í málskostnað og á stefnandi sjóveðrétt í nefndum báti til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. febrúar 1953.

Nr. 144/1952. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Guðmundi Kristjáni Ottóssyni

(Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjársvik. Skilorðsbundinn refsíðómur.

Dómur Hæstaréttar.

Atferli ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, varðar við 248. gr. laga nr. 19/1940, og er refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 30 daga. En eftir atvikum þykir mega ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og að hún skuli niður falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Kristján Ottósson, sæti fangelsi 30 daga. En fullnustu refsingarinnar skal fresta og niður

skal hún falla eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skil-orð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. maí 1952.

Ár 1952, þriðjudaginn 27. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómará, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1628/1952: Ákærvaldið gegn Guðmundi Kristjáni Ottósyni, er tekið var til dóms sama dag.

Í máli þessu er Guðmundur Kristján Ottósson sjómaður, Njálsgötu 8, hér í bæ, ákærður fyrir að hafa brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að svíkjast um að greiða Þórði Einarssyni bifreiðarstjóra, Langholtsvegi 63, ökugjald, kr. 140.00, fyrir akstur í bílnum R 1403 kvöldið 16. sept. s.l. og fram á aðfaranótt 17. sept. Hann er ákærður til refsingar, réttindasviptingar samkvæmt 3 mgr. 68. gr. nefndra laga og greiðslu skaðabóta og málskostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur 2. apríl 1927, hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

- 1939 27/2 Kærður fyrir óknytti. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1940 30/4 Kærður fyrir hnúpl.
- 1943 25/7 Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.
- 1943 12/9 Sátt, 25 kr. sekt, 30 kr. skaðabætur fyrir ölvun og rúðubrot.
- 1945 23/8 Siglufjörður. Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1947 4/10 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt, 250 kr. skaðabætur fyrir ölvun og óspektir.
- 1947 21/10 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og röskun á næturro.
- 1947 21/10 Reykjavík. Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1947 30/10 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1949 3/2 Reykjavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 20.30 sunnudaginn 16. september f. á. kom ákærði inn á bifreiðastöð Steindórs hér í bæ og bað um leigubifreið. Varð Þórður Einarsson, ökumaður R. 1403, til þess að aka með hann. Með ákærða var félagi hans. Þeir voru ölvaðir. Ók Þórður nú með þá hingað og þangað um

bæinn fram yfir miðnætti. Loks bað ákærði um að ekið væri að Njáls-götu 8. Þar fór hann inn, en kom ekki út aftur. Eftir nokkra bið fór Þórður inn og hitti konu, er mun hafa verið móðir ákærða, og skýrði hún honum svo frá, að ákærði ætti ekki fyrir ökugjaldinu. Ákærði kveður sér hafa verið það ljóst, að hann átti ekki fé til að greiða ökugjaldið, en hann hafi gert sér vonir um, að móðir hans mundi láta hann hafa peninga.

Þórður gerði tilraun til að innheimta ökugjaldið síðar og gerði ákærða orð að finna sig, en ákærði sinnti því ekki. Sneri Þórður sér þá til rann-sóknarlögreglunnar. Ákærði lofaði því, er hann var kallaður fyrir rann-sóknarlögregluna, að greiða ökugjaldið eftir 7 daga, en efndi ekki loforð sitt. Er ökugjaldið ennþá ógreitt.

Með því að Þórður Einarsson hlaut að gera ráð fyrir, að ákærði greiddi ökugjaldið þegar að afloknum akstri og tók að sér að aka ákærða á þeim forsendum, verður að telja, að ákærði hafi haft í frammi svik, er varði við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans með tilliti til þess, að um smáræði er að tefla, hæfilega ákveðin fangelsi 30 daga. Svipta ber ákærðan kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber að dæma hann til að greiða allan sakarkostnað.

Kröfu Þórðar Einarssonar um greiðslu bóta að upphæð kr. 140.00 úr hendi ákærða hefur ákærði samþykkt og ber að taka hana til greina.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Kristján Ottósson, sæti fangelsi 30 daga. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Þórði Einarssyni kr. 140.00 innan 15 daga frá birt-ingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.